

Síldarvinnslan hf. Neskaupstað  
Hafnarbraut 6  
740 Neskaupstaður

Reykjavík, 17.1.2022  
UST202102-441/F.T.  
08.10.02

### Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í erindi stofnunarinnar dags. 7. desember 2021 varðandi niðurstöður fráveitumælinga og bréf sitt frá 20. desember 2021 þar sem óskað var eftir úrbótaáætlun vegna fráviks sem skráð var í eftirliti 31. ágúst 2021 í fiskimjölsværksmiðju Síldarvinnslunnar hf. á Neskaupstað. Þann 4. janúar 2022 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

#### Frávikin eru eftirfarandi:

1. Þann 2. desember sl. bárust Umhverfisstofnun niðurstöður losunar í frárennsli (fráveitumæling) í fiskimjölsværksmiðju SVN á Neskaupstað. Sýnataka fór fram á kolmunnavertíð í maí 2021. Fita í frárennsli mældist yfir losunarmörkum sem sett eru í starfsleyfi Umhverfisstofnunar. **Í úrbótaáætlun rekstraraðila kemur fram að eftir að mælingin hafi farið fram hafi verið farið yfir allar stillingar og virkni á fitugildrunni og staðfest með frekari mælingum að hún sé að skila væntum árangri. Þessu verði fylgt eftir með því að taka fitumælingar af frárennsli oftast yfir árið til að geta brugðist við.**
2. Frávik var skráð í eftirliti á umgengni um efnavöru, þ.e. olíur og önnur efnavara var geymd á svæði þar sem engin lekavarnarþró eða olíuskilja er fyrir hendi. **Skv. úrbótaáætlun rekstraraðila er búið að koma olíu fyrir í geymslu þar sem ekki er opið í niðurföll og virki rýmið því eins og þró. Unnið verður að viðgerð á efnageymslu á árinu og verður gólfíð í geymslunni lagfært ásamt þaki, auk þess verði frárennsli endurnýjað. Frá geymslunni verður aðeins eitt niðurföll og á því mun verða handloki. Gert er ráð fyrir að framkvæmdum ljúki ekki síðar en í október 2022.**

**Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti.**

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Gottskálf Friðgeirsson

Frigg Thorlacius